

Eftir öllum málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Jóhann Salberg Guðmundsson sýslumaður kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Árna Jónassyni erindreka og Guðmundi Jónssyni borgardómara.

Dómsorð:

Viðurkennd er krafa sóknaraðilja, Friðriks Stefánssonar, um, að varnaraðiljar, Olga Sigurbjörg Jónsdóttir og Ingvar Gýgjar Jónsson, eigandi og ábúandi jarðarinnar Gýgjarhóls, eigi ekki rétt til lax- og silungsveiða í Miklavatni eða Sæmundará, sem byggður verði á rétti eiganda Glæsibæjar til veiða fyrir landi jarðarinnar, né rétt til uppsáturs fyrir bát og stöð fyrir veiðitæki á landi né nauðsynlega umferð um land Glæsibæjar vegna þeirra veiða.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 12. mars 1982.

Nr. 117/1979. **Heilbrigðisráðherra vegna stjórnarnefndar ríkisspítalanna og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Þórður Gunnarsson hdl.)

gegn

Jafnréttisráði f. h. Guðrúnar Emilsdóttur og Guðrúnu Emilsdóttur persónulega og gagnsök

(Gestur Jónsson hdl.).

Jafnréttisráð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen, Magnús P. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Aðaláfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með

stefnu 18. júní 1979. Þeir krefjast aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjenda í málinu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast aðaláfrýjendur þess, að fjárkröfur gagnáfrýjanda Guðrúnar verði lækkaðar og málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn falla niður.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 5. október 1979 og gera þessar dómkröfur:

Á hendur heilbrigðisráðherra vegna stjórnarnefndar ríkisspítalanna gerir gagnáfrýjandi Jafnréttisráð vegna gagnáfrýjandans Guðrúnar Emilsdóttur þá kröfu, að viðurkennt verði með dómi, að hún eigi frá gildistöku laga nr. 78 frá 31. maí 1976 um jafnrétti kvenna og karla rétt á að fá greidd jöfn laun fyrir störf sín á Kópavogshæli og þeir karlmenn, sem þar vinna undir starfsheitinu gæslumaður og tóku laun samkvæmt launataxta B 4, III. þrepi, frá 1. júní 1976 til 31. desember s. á., en launataxta B 5, III. þrepi, frá 1. janúar 1977 til 31. desember s. á. samkvæmt kjarasamningi BSRB við fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gerir gagnáfrýjandi Guðrún Emilsdóttir þá kröfu, að hann verði dæmdur til að greiða sér 4.754.64 krónur með 13% ársvöxtum af 1.022.71 krónu frá 1. janúar 1977 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. janúar 1978, en af 4.754.64 krónum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní 1979, 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Gagnáfrýjendur krefjast og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjenda í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en þeir fengu gjafsóknarleyfi fyrir Hæstarétti hinn 3. mars 1981.

I.

Á Kópavogshæli og Kleppsspítala í Reykjavík starfa nokkrir starfsmenn með starfsheitinu gæslumenn við geðhjúkrun. Þeir taka laun og njóta annarra starfskjara eftir því sem ákveðið er í kjarasamningum, sem gerðir eru samkvæmt lögum um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja nr. 29/1976, áður lögum nr. 46/1973 og lögum nr. 55/1962. Starf þessara manna er einkum fólgið í ýmiss konar umönnun vistmanna á umræddum stofnunum. Ekki eru þeir þó sérmenntaðir til þess starfs. Gæslumenn voru áður félagsmenn í Starfsmannafélaginu Þór, en það var félag karla einvörðungu. Samdi það um kaup og kjör gæslumanna við vinnuveitendur þeirra, uns félagið var lagt niður árið 1955. Af því, sem fram er komið í málinu, virðist það þó hafa haldist, að gæslumenn þessir væru nær undantekningarlaust karlmenn. Var svo að minnsta kosti á þeim tíma, sem málsókn þessi tekur til.

Auk gæslumannanna vinnur á áðurgreindum stofnunum annað ósérmenntað starfsfólk, sem annast vistmenn, en ber starfsheitið starfsmenn, áður starfsstúlkur. Þetta starfsfólk, þeirra á meðal gagnáfrýjandi Guðrún, er ráðið til starfa, tekur laun og nýtur annarra strafs kjara samkvæmt kjarasamningi stjórnarnefndar ríkisspítalanna og nokkurra annarra aðilja annars vegar og Starfsmannafélagsins Sóknar, áður Starfsstúlknafélagsins Sóknar, hins vegar. Það starfsfólk, sem hér ræðir um, er án teljandi undantekninga konur. Er þess hér að geta, að af kjarasamningum Sóknar, sem frammi liggja í málinu, og af öðrum gögnum má ráða, að félagið hafi áskilið félagsmönnum sínum forgangsrétt til vinnu hjá viðsemjendum sínum. Félagið stóð hins vegar konum einum opið til inngöngu, uns lögum þess var breytt að þessu leyti, að því er ætla má á árinu 1977.

Svo virðist sem starfslið það á Kópavogshæli og Kleppsspítala, sem síðast var um rætt, hafi lengi verið margfalt fjölmennara en hinir svonefndu gæslumenn við geðhjúkrun.

II.

Fyrir Hæstarétti er enginn ágreiningur um það, að gagn-

áfrýjandi Guðrún sem starfsmaður á Kópavogshæli hafi unnið störf, sem séu sambærileg og jafnverðmæt störfum gæslumanns við geðhjúkrun í skilningi laga um jafnrétti kvenna og karla nr. 78/1976 án tillits til mismunandi starfsheita og ráðningarkjara. Verður þetta því lagt til grundvallar í málinu.

Þá verður og að telja leitt í ljós, svo sem nánar greinir í hinum áfrýjaða dómi, að karlar, sem ráðnir voru til starfa til að annast vistmenn, hafi nær undantekningarlaust verið ráðnir sem gæslumenn með kjörum, er ákveðin voru í lögum, en síðar í kjarasamningum samkvæmt lögum nr. 55/1962 eða síðari lögum um sama efni. Konur hafi hins vegar verið ráðnar undantekningarlítið með þeim kjörum, sem kjarasamningar Sóknar kváðu á um. Verður samkvæmt þessu að líta svo á, að það hafi fyrst og fremst farið eftir kynferði starfsmanns með hvorum kjörunum hann var ráðinn. Eftir gildistöku laga nr. 78/1976 var slík greining ekki lögmæt. Skiptir í því sambandi ekki máli, þó að umræddir ráðningarhættir kunni að eiga sínar eðlilegu skýringar í því, hvernig starfsfólk þetta hafði um langan tíma skipst í stéttarfélög eftir kynjum.

Af því, sem nú var sagt, leiðir það, að gagnáfrýjandi Guðrún átti, að minnsta kosti eftir gildistöku áðurgreindra laga nr. 78/1976, rétt til sama starfsheitis og sömu launa og annarra starfskjara sem gæslumaður. Eins og málið liggur fyrir Hæstarétti, þarf hins vegar ekki um það að fjalla, hvort, og þá samkvæmt hvaða réttarreglum hún kunni að hafa átt slíkan rétt, áður en lögín öðluðust gildi. Af framangreindum rétti leiðir þó ekki, að gagnáfrýjandi Guðrún eða Jafnréttisráð vegna hennar geti með stoð í 2. og 3. gr., sbr. og 11. gr. laganna, krafist þess, að hún njóti að nokkru leyti kjara, og þá einkanlega að því er tekur til launa, sem gæslumaður, en að öðru leyti fari ráðningarkjör hennar sem fyrr eftir kjarasamningi Starfsmannafélagsins Sóknar. Hefur ekki verið bent á nein dæmi þess, að nokkur þeirra karla, sem vinna sambærileg störf og gagnáfrýjandi Guðrún njóti slíkra starfskjara. Og þar sem skilja verður dómkröfur beggja gagnáfrýjenda á þann hátt, að þær séu á þessum grundvelli reist-

ar, þykir eigi unnt að taka þær til greina. Ber því að sýkna aðaláfrýjendur af kröfum þeirra í málinu, án þess að gefa þurfi að því sérstakan gaum, hvort efni hafi verið til þess, að Jafnréttisráð stæði að málssókn þessari í umboði gagn-áfrýjandans Guðrúnar, en þó við hlið hennar.

Rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um gjafsóknarkostnað gagn-áfrýjenda á að vera óraskað.

Allur gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjenda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, 5.000.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjendur, heilbrigðisráðherra vegna stjórnar-nefndar ríkisspítalanna og fjármálaráðherra f. h. ríkis-sjóðs, eiga að vera sýknir af kröfum gagnáfrýjenda, Jafnréttisráðs f. h. Guðrúnar Emilsdóttur og Guðrúnar Emilsdóttur persónulega.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um gjafsóknarkostnað á að vera óraskað.

Allur gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjenda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns þeirra, Gests Jónssonar héraðsdómslögmanns, 5.000.00 krónur.

S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Magnúsar Thoroddsen
og Þórs Vilhjálmssonar.**

Í máli þessu er fram komið, að gagnáfrýjandi Guðrún Emilsdóttir var á tímanum frá 1. júní 1976 til ársloka 1977 í hópi um 90 kvenna, sem störfuðu á Kópavogshæli og tóku laun eftir samningi félagsins Sóknar. Við munnlegan flutn-

ing málsins fyrir Hæstarétti var því ómótmælt haldið fram, að enginn karlmaður hefði á þessu tímabili tekið laun eftir samningi Sóknar fyrir störf á Kópavogshæli, en þess væru fáein dæmi frá öðrum tímum. Hins vegar er óumdeilt, að 1976—1977 störfuðu karlmenn á hælínu við „sambærileg og jafnverðmæt“ störf og gagnáfrýjandi Guðrún vann og aðrar konur, en þessir karlmenn tóku laun eftir samningi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Óvíst er, að nokkur kona hafi á þessum tíma haft sömu kjör vegna starfa á Kópavogshæli, þó að þess séu nokkur dæmi nú. Þess er sérstaklega að geta, að við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti lýsti talsmaður aðaláfrýjenda því yfir, að viðurkennt væri, að störf Guðrúnar Emilsdóttur, gagnáfrýjanda, væru sambærileg og jafnverðmæt störfum þeirra karlmanna, sem á Kópavogshæli vinna undir starfsheitinu gæslumaður og taka laun samkvæmt kjarasamningi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 78/1976 um jafnrétti kvenna og karla er það yfirlýstur tilgangur laganna að stuðla að jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla.

Í 2. grein laganna segir, að konum og körlum skuli veittir jafnir möguleikar til atvinnu og menntunar og „greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf“.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, gerir gagnáfrýjandi Guðrún Emilsdóttir kröfu til þess, að henni verði greiddur mismunur þeirra launa, sem hún fékk greidd skv. launataxta Sóknar fyrir störf sín á Kópavogshæli frá 1. júní 1976 til 31. desember 1977 og þeirra launa, sem hún hefði fengið greidd fyrir sama tímabil, hefði hún fengið greidd jöfn laun og gæslumenn þar, er tóku laun skv. kjarasamningum BSRB.

Nemur mismunur þessi alls gkr. 475.464.

Því hefur verið haldið fram af hálfu aðaláfrýjenda, að það mundi brjóta í bága við grundvallarrétt verkalýðsfélaga skv. lögum nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur til að gera kjarasamninga fyrir sína félagsmenn, ef fjárfrafa gagnáfrýjanda yrði tekin til greina. Á þetta verður ekki fallist, enda er ekkert í lögum nr. 78/1976, greinargerð með frum-

varpi til þeirra eða umræðum um það á Alþingi, er styður þessa skoðun.

Þvert á móti er tilgangur laga nr. 78/1976 skýr og skorin-orður sá að stuðla að jafnrétti kynjanna. Hvergi er að því vikið, að sókn að því markmiði séu takmörk sett vegna ákvæða laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Ekki er það heldur skilyrði skv. lögum nr. 78/1976, að kona þurfi að vera í sama verkalýðsfélagi og sá karl, er hún ber sig saman við, til þess að eiga rétt á jöfnum launum og hann, heldur einungis, að störfín séu jafnverðmæt og samþærileg. Samkvæmt lögnum er engin skylda til að vera í verkalýðsfélagi til að njóta verndar þeirra.

Samkvæmt framansögðu teljum við nægilega í ljós leitt, að gagnáfrýjandi hafi sætt launamisrétti á Kópavogshæli tímabilið 1. júní 1976 til 31. desember 1977 vegna kynferðis síns andstætt ákvæðum laga nr. 78/1976 um jafnrétti kvenna og karla. Hún á því skaðabótakröfu skv. 1. mgr. 12. gr. laganna gegn vinnuveitanda sínum, ríkissjóði, um launamismuninn.

Ekki hefur farið fram peningaleg heildarkönnun á kjaramismuni þessum, enda orkar mjög tvímælis, hvernig hann skuli meta. Þegar höfð er í huga sönnunaraðstaðan í þessu máli, verður ekki talið, að gagnáfrýjandi Guðrún Emilsdóttir geri frekari fjárkröfur í málinu en sem nemur mismuni á heildarkjörum hennar skv. sóknarsamningunum og heildarkjörum gæslumanns á Kópavogshæli skv. kjarasamningum BSRB á tímanum 1. júní 1976 til ársloka 1977. Fjárkröfu hennar ætti því með vísan til 2. gr. laga nr. 78/1976 um jafnrétti kvenna og karla að taka til greina óbreytta, enda hefur hún ekki sætt tölulegum andmælum af hálfu aðaláfrýjenda.

Þess er þó að geta, að talsmaður aðaláfrýjenda vakti athygli á því við munnlegan flutning málsins, að lög nr. 78/1976 hefðu ekki tekið gildi fyrr en 12. júní 1976, en fjárkrafan sé miðuð við 1. júní s. á. Taldi hann þetta ætti að leiða til hlutfallslegrar lækkunar á kröfunni. Á þessa röksemd talsmanns aðaláfrýjenda verður ekki fallist, þar eð gagnáfrýjandi Guðrún hafði skv. áðurgildandi lögum um Jafnlaunaráð nr. 37/1973, 1. gr., sama rétt og karlar til að

fá „greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt og að öðru leyti samþærileg störf“.

Viðurkenningarkrafa gagnáfrýjanda Jafnréttisráðs vegna Guðrúnar Emilsdóttur á hendur aðaláfrýjanda heilbrigðisráðherra vegna stjórnarnefndar ríkisspítalanna tekur til sama tíma og fjárfrafa gagnáfrýjanda Guðrúnar Emilsdóttur á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Þar sem fjárkröfuna ætti að okkar áliti að taka til greina, teljum við, að gagnáfrýjendur hafi ekki réttarhagsmuna að gæta til að hljóta dóm um viðurkenningarkröfuna. Teljum við því, að átt hefði að vísa henni frá héraðsdómi.

Um málskostnað erum við sammála meiri hluta dómenda.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. mars 1979.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 6. mars sl., hefur Jón Steinar Gunnlaugsson héraðsdómslögmaður, Reykjavík, höfðað f. h. Jafnréttisráðs vegna Guðrúnar Emilsdóttur, Brúarósi, Kópavogi, og f. h. Guðrúnar Emilsdóttur persónulega með stefnu, birtri 29. mars 1978, á hendur heilbrigðismálaráðherra vegna stjórnarnefndar ríkisspítalanna og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dómkröfur sínar orða stefnendur svo: „Á hendur heilbrigðismálaráðherra vegna stjórnarnefndar ríkisspítalanna gerir Jafnréttisráð vegna Guðrúnar Emilsdóttur þá kröfu, að viðurkennt verði með dómi, að Guðrún Emilsdóttir eigi frá gildistöku laga nr. 78 frá 31. maí 1976 um jafnrétti kvenna og karla rétt á að fá greidd jöfn laun fyrir störf sín á Kópavogshæli og þeir karlmenn, sem þar vinna undir starfsheitinu gæslumaður og tóku laun samkvæmt launataxta B-4, III þrepi 1.6. 1976 til 31.12. 1976, en launataxta B-5, III þrepi, frá 1. janúar 1977 til 31. desember s. á. samkvæmt kjarasamningi BSRB við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gerir Guðrún Emilsdóttir kröfu um greiðslu á kr. 475.464,- með 14% ársvöxtum af kr. 103.371,- frá 1. janúar 1977 til 21. nóvember 1977, en með 17% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1. janúar 1978, en með 17% ársvöxtum af kr. 475.464,- frá þeim degi til 21. febrúar 1978, en með 20% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

Þá er gerð sú krafa, að fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs verði

dæmdur til að greiða stefnendum málskostnað samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í., eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.“

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 25. apríl 1978, fengu stefnendur gjafsókn hér fyrir dóminum.

Af hálfu stefndu hefur verið sótt þing og þær dómkröfur gerðar, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnenda í málinu og þeim tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnenda að mati réttarins. Til vara krefjast þeir þess, að fjárkröfur stefnenda verði verulega lækkaður og málskostnaður felldur niður.

Sáttaumleitanir fyrir dóminum hafa reynst árangurslausar, en málsaðiljar hafa fyrirfram samið um að ganga fram hjá sátta-nefnd.

Málavextir eru þeir, að Guðrún Emilsdóttir hefur starfað og starfar enn að gæslu og umönnun sjúklinga á Kópavogshæli, sem ríkið rekur. Guðrún og forstöðumaður hælisisins, Björn Gestsson, hafa lýst störfum hennar á hælínu svo, að þau séu í stórum dráttum töluvert áþekk venjulegum heimilisstörfum. Þau séu í því fólgin að annast vistfólkið, hjálpa því að borða, halda því hreinu, hugsa um heimilið og leiðbeina því um, hvað betur megi fara.

Guðrún og aðrar konur, sem inna af höndum sömu störf, bera nú starfsheitið starfsmaður, áður starfsstúlka. Þær eru ófaglærðar og taka laun samkvæmt kjarasamningi stjórnarnefndar ríkisspítalanna o. fl. annars vegar og Starfsmannafélagsins Sóknar hins vegar.

Á hælínu starfa ófaglærðir karlmenn, sem bera starfsheitið gæslumenn við geðhjúkrun. Stefnendur telja, að þeir vinni hliðstæð eða sambærileg störf og konurnar. Þeir þiggja laun samkvæmt kjarasamningi ríkisins við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og sérkjarasamningi ríkisins við Starfsmannafélag ríkisstofnana. Í september 1976 munu þrír gæslumenn hafa verið starfandi á hælínu og níutíu og þrjár starfsstúlkur, sbr. dskj. nr. 16. Það liggur ekki fyrir, hvort allar þessar níutíu og þjár starfsstúlkur inntu af höndum sömu eða sambærileg störf og gæslumennirnir.

Samkvæmt framburði Björns Gestssonar, forstöðumanns, hér fyrir dóminum 21. desember 1978 hefur orðið einhver breyting á þessu. Þannig taldi Björn, að fjórar konur tækju nú laun sem gæslumenn og þá samkvæmt samningum ríkisins og BSRB. Einnig sagði Björn, að það væri nokkuð hefðbundið — eins og á heimili — hvað kvenmaður væri látinn gera og hvað karlmaður, ef gæslumennirnir eru karlmenn. Það lendi þannig venjulega meira á kvenfólkinu t. d. að huga að fatnaði, en karlmennirnir sinni

frekar störfum, sem til þurfa krafta. Væri karlmaður t. d. órólegur, eins og fyrir geti komið, þá yrði karlmaður frekar kvaddur til að róa hann. Samkvæmt framburði Björns virðast ekki hafa verið fastar reglur um, hvernig auglýst hefur verið eftir ófaglærðu fólki á sjúkradeildir. Eftir 1976 taldi Björn þetta samt vera að færast í fastari skorður og væri nú venja að auglýsa eftir starfsfólki. Þetta væri þó ekki undantekningarlaust, því að allajafnan berist nokkru fleiri umsóknir en hægt sé að sinna og sé þá oft ráðið eftir gamalli umsókn næst án þess að auglýsa að nýju. Þá hafi allar þær fjórar konur, sem nú starfi sem gæslumenn, verið ráðnar án auglýsingar. Fram kom, að þessar konur hafa allar verið ráðnar á síðasta ári og það eftir að mál þetta er höfðað. Þær höfðu allar áður verið ráðnar og starfað á Sóknartaxta. Björn sagði, að fyrir gæti komið, að auglýst væri í einu lagi, en hluti fólksins ráðinn á BSRB-taxta, en annað á Sóknartaxtann. Þetta fari eftir því, hvaða stöður væru lausar og hvaða starfsmaður sækti í raun og veru um og hvað hann mundi sætta sig við í laun, sjá hér einnig dóm skj. 59. Björn sagði fast ákveðið, hversu margar þessar stöður væru samkvæmt samningi BSRB. Stöðuheimildir væru grunnheimildir og í viðbót væru leyfðar ráðningar vegna veikindaforfalla, afleysinga og annars slíks. Þeir yrðu að reyna að fara eftir þessu. Ef væri hörgull á faglærðu fólki, yrðu þeir engu að síður að hafa starfsfólk og væri þá unnt að ráða aðra starfsmenn í staðinn og það inn á BSRB-taxta. Forstöðumaðurinn sagði, að fyrir hefði komið, að karlmenn væru ráðnir til Kópavogshælis á launakjörum Sóknar, en taldi engan slíkan vinnu á hælínu í dag. Samkvæmt framburði hans, sbr. og skýrslur á dóm skj. 43—45, virðast ráðningar þessar allar hafa verið tíma bundnar og þá karlmennirnir annað hvort farið á BSRB-taxta eða hætt. Sumir þessara karlmannanna unnu að öðrum störfum en Guðrún Emilsdóttir, en forstöðumanni minnti, að einhverjir þeirra hefðu verið í sambærilegum störfum og Guðrún. Þá minnti forstöðumanni, að grunnheimildir fyrir gæslumenn væru sex, en starfsmenn á Sóknar-taxta á sjúkradeildum væru samtals um fimmtíu. Þar að auki væri ráðið á þann taxta í eldhús og við ræstingar.

Þann 16. ágúst 1976 ritar Guðrún Emilsdóttir sem trúnaðar- maður Sóknar á Kópavogshæli Guðrúnu Erlendsdóttur, formanni Jafnréttisráðs, bréf. Hún ber sig þar upp undan því misrétti, sem hún telur þær Sóknarkonur beittar, þar sem þær njóti ekki sömu kjara og gæslumenn, þótt störf þeirra séu sambærileg. Þann 21.

júlí 1976 berst Jafnréttisráði bréf um líkt efni frá trúnaðarmanni Sóknar á Kleppsspítala. Jafnréttisráð hóf aðgerðir í málum þessum með bréfum 16. september 1976, annars vegar til Starfsstúlknafélagsins Sóknar og hins vegar til framkvæmdastjóra ríkisspítalanna.

Með bréfi, dags. 12. október 1976, tekur Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, formaður Sóknar, undir þessi erindi félaga sinna við Jafnréttisráð og heldur því fram, að aðalkrafa Sóknar í undangengnum samningum hafi verið, að ófaglært starfsfólk sjúkrahúsanna fengi sömu laun fyrir sömu vinnu. Þessu hafi verið vísað á bug, þar sem gæslumenn væru í BSRB.

Með bréfi, dags. 13. október 1976, svarar þáverandi framkvæmdastjóri ríkisspítalanna, Georg Lúðvíksson, bréfi Jafnréttisráðs. Í bréfi hans kemur fram, að hann hefur sent erindi Jafnréttisráðs til prófessors Tómasar Helgasonar og Þórunnar Pálsdóttur, forstöðukonu á Kleppsspítala, og enn fremur Ragnildar Ingibergsdóttur yfirlæknis og Björns Gestssonar, forstöðumanns á Kópavogshæli. Bréfi hans fylgja í ljósriti svör Þórunnar og Björns. Jafnframt fylgdi bréfi hans greinargerð, sem starfsmannastjóri ríkisspítalanna hafði tekið saman um kjör starfsstúlkna og aðstoðarmanna (gæslumanna), sem hliðstætt starfssvið hefðu á spítulunum, þ. e. veittu aðstoð við umönnun, gæslu og hjúkrun sjúklinga á Kleppsspítala og Kópavogshæli. Þá segir í bréfi framkvæmdastjórans:

„Eins og Jafnréttisráði mun vera kunnugt um, er við framkvæmd þessa máls stuðst við kjarasamninga tveggja aðila, þ. e. samninga, sem gerðir eru við Starfsstúlknafélagið Sókn og við BSRB.

Í meðfylgjandi bréfum forstöðukonu Kleppsspítalans og forstöðumanns Kópavogshælis kemur fram, að þau telja ekki mismun á starfssviði umræddra starfsmanna, en kjarasamningana ráða mismun á launum. Í greinargerð starfsmannastjórans er bent á, að sá mismunur, sem er á kjörum starfsstúlkna í Sókn, samborið við kjör aðstoðarmanna (gæslumanna), sem taka laun samkvæmt samningi BSRB, er í samræmi við þann mismun, sem samningarnir segja fyrir um.

Undirritaður hefur litlu við framangreindar upplýsingar að bæta, nema þá það að láta í ljósi sína persónulegu skoðun. Hún er, að konur og karlar, sem vinna hliðstæð störf á spítulunum og hafa sambærilegan undirbúning, eigi að fá jöfn laun.“

Greinargerð starfsmannastjóra ríkisspítalanna, sem fylgdi bréfi framkvæmdastjórans, er á dskj. nr. 17, svohljóðandi:

„Stór hluti starfsstúlkna (Sóknarstúlkur) á Kleppsspítalanum og Kópavogshæli hafa nánast sama starfssvið og gæslumenn eða aðstoðarmenn við hjúkrun, eins og þeir nefnast á Kleppsspítalanum.

Mimunur á launum þessa fólks er töluverður. Gæslumenn fá greitt eftir launakerfi BSRB, en starfsstúlkur samkvæmt kjarasamningi við Starfsstúlknafélagið Sókn.

Ef borin eru saman launin eins og þau voru í júní s.l. hjá starfsstúlku og gæslumanni, sem starfað hafa í eitt ár, t. d. á Kleppsspítalanum, kemur eftirfarandi í ljós:

Starfsstúlkán: Mánaðarlaun kr. 57.037,-. Álag fyrir vaktavinnu kr. 113,10 á klst. Laun fyrir einn mánuð með 50 álagstímum, sem telja má venjulegt, gerir þá kr. 62.692,-.

Gæslumaðurinn: Mánaðarlaun kr. 63.942,-. Álag fyrir vaktavinnu kr. 162,19 á klst. Laun fyrir einn mánuð með 50 álagstímum gerir þá kr. 72.052,-.

Annar mismunur á kjörum er einnig til staðar. Við samanburð á kjarasamningi Starfsstúlknafélagsins Sóknar annars vegar og SFR hins vegar og með hliðsjón af lögum og reglugerðum, er varða starfsmenn ríkisins, kemur í ljós m. a.:

Barnsburðarfrí: Starfsstúlkán: Dagvinnulaun í þrjár vikur. Ríkisstarfsmaður: Fullt kaup í 3 mánuði.

Veikindafrí: Starfsstúlkán: Full laun í sex vikur. Að auki fær hún greitt fyrir lyf og aðra læknishjálp, sem sjúkrasamlag greiðir ekki. Ríkisstarfsmaðurinn: Full laun allt að þrem mánuðum og hálf laun allt að þrem mánuðum til viðbótar.

Orlof starfsstúlkna er 24 virkir dagar á ári og greiðist þá álag, en ríkisstarfsmenn eiga lengra orlof, ef starfsaldur þeirra er lengri en 10 ár, en fá ekki álag þann tíma.

Aukavaktir og yfirvinna: Starfsstúlkán fær kr. 607,90 pr. klst. í næturvinnu, en ríkisstarfsmaðurinn fær kr. 639,42. Fyrir eina venjulega aukavakt reiknast starfsstúlkum 8 tímar eins og vaktin er, en ríkisstarfsmaður fær að auki 1,6 klst. reiknaða sem kaffitíma.

Fyrir 8 tíma aukavakt fær starfsstúlka þá kr. 4.863, en ríkisstarfsmaðurinn kr. 6.129.

Fleira má einnig telja til, en hér er getið þess helsta.

Ýmis launakjör eru þó eins eða svipuð, þó orðalag í samningum

og framkvæmd sé ólík, t. d. greiðsla orlofs á álag og yfirvinnu, matartíma, kaffitíma o. fl. o. fl.“

Þann 13. október 1976 skrifað Jafnréttisráð stjórn Starfsmannafélags ríkisstofnana og óskar skriflegrar umsagnar stjórnarinnar um málið. Í svari Starfsmannafélags ríkisstofnana, dags. 1. nóvember 1976, kemur fram, að stjórnin lítur svo á, að óhjákvæmilegt sé, að mismunur geti verið milli samninga einstakra félaga, þótt um sambærileg störf sé að ræða, hvort sem karl eða kona gegni starfinu. Þetta sé bein afleiðing frjáls samningsréttar verkalýðsfélaganna, þar sem hvert félag geri sjálfstæðan kjarasamning óháð samningum annarra.

Þann 20. október 1976 fer Jafnréttisráð fram á fund við fulltrúa fjármálaráðuneytisins um málið.

Í bréfi Jafnréttisráðs, dags. 15. mars 1977, til Starfsmannafélagsins Sóknar er lýst afstöðu Jafnréttisráðs. Segir þar, að Jafnréttisráð telji það óviðunandi, að fyrir það eitt að vera kona skuli laun vera mun lægri fyrir sömu störf á sömu stofnun. Jafnframt, að telji ráðið, að atvinnurekandanum, í þessu tilfelli ríkinu, sé skylt að sjá til þess, að laun fari ekki eftir kynferði. Sé starf á ákveðnum vinnustað metið til ákveðinna launa í kjarasamningum, eigi ekki að skipta máli, hvort karl eða kona gegni því starfi. Afrit þessa bréfs hefur verið sent launadeild fjármálaráðuneytisins.

Þann 22. apríl 1977 skrifar Jafnréttisráð þáverandi félagsmálaráðherra, Gunnari Thoroddsen, en samkvæmt lögum nr. 78/1976 um jafnrétti kvenna og karla mun Jafnréttisráð heyra undir starfssvið félagsmálaráðuneytisins. Í bréfi þessu ber Jafnréttisráð erindi starfsfólks á Kleppsspítala og Kópavogshæli undir ráðherrann. Ráðið heldur þar fram, að konur, sem þarna starfi í sambærilegum og jafnverðmætum störfum og karlar, séu mun lægra launaðar. Fólk þetta vinni hlið við hlið. Konurnar séu í Sókn, en karlarnir í BSRB. Vitnað er til þeirra umsagna, sem hér hafa verið raktar, og síðan til 2. gr. laga nr. 78/1976 um jafnrétti kvenna og karla, og telur ráðið, að brotið sé gegn þessum lögum. Segir í bréfinu, að Jafnréttisráð telji atvinnurekandanum, í þessu tilviki ríkinu, skylt, ekki síður en stéttarfélagunum, að sjá til þess, að lög nr. 78/1976 um jafnrétti kvenna og karla verði ekki brotin. Sé starf á ákveðnum vinnustað metið til ákveðinna launa, eigi ekki að skipta máli, hvort karl eða kona gegni því.

Jafnréttisráð skrifar enn félagsmálaráðherra 26. maí 1977. Í því bréfi kemur fram, að starfsmaður ráðsins hefur átt árangurslausan fund með Guðmundi K. Jónssyni, deidarstjóra í fjármála-

ráðuneytinu, um málið. Segir í bréfinu, að Guðmundur hafi talið það fráleitt að koma því inn í samninga, að þar sem konur og karlar vinni jafnverðmæt og sambærileg störf, en séu ekki í sama stéttarfélagi, eigi launin að vera hin sömu. Verði slíku ákvæði komið í samninga, færi eitt stéttarfélag að miða sig við annað félag í samningum. Hafi hann í þessu sambandi vitnað til laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur og hins frjálsa samningsréttar.

Þann 31. maí 1977 skrifar félagsmálaráðuneytið fjármálaráðuneytinu bréf vegna þessa máls. Í bréfinu tekur ráðuneytið undir skoðun Jafnréttisráðs um, að hér sé um að ræða brot á 2. gr. laga nr. 78/1976 um jafnrétti kvenna og karla. Þá beinir ráðuneytið þeim eindregnu tilmælum til launadeildar fjármálaráðuneytisins, að séð verði til þess, að ríkið sem vinnuveitandi greiði umræddum starfskonum það, sem á vanti, að þær fái sömu laun fyrir sömu störf og karlar, þar til launakjör þeirra, er lúti að greiðslu fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf, hafi verið samræmd launum karla með frjálsum kaup- og kjarasamningum. Bæði sé þá haft í huga, að umrædd mismunun sé brot á lögum nr. 78/1976 og einnig að umsamið kaup sé lágmarkskaup.

Fjármálaráðuneytið svarar þessu bréfi þann 8. júní 1977. Í bréfinu kemur fram, að það sé skoðun ráðuneytisins, að ekki sé hægt að ganga að kröfugerð Jafnréttisráðs, nema að lagaákvæði um samningsrétt séu þverbrotin. Rök fjármálaráðuneytisins koma fram í bréfinu. Þar segir:

„Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. 1. nr. 78/1976 eru eftirfarandi staðreyndir ljósar í máli þessu.

1. Þeir tveir kjarasamningar, sem hér um ræðir, eru lögformlega gerðir. Samkv. 5. gr. 1. nr. 80/1938 eru stéttarfélög lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna, og samkv. 3. mgr. 4. gr. 1. nr. 29/1976 fara einstök félög innan BSRB með fyrirsvar félagsmanna sinna um gerð sérkjarasamninga.

2. Ekkert er því til fyrirstöðu, að kona sé ráðin í gæslustarf samkv. kjarasamningi BSRB, ef slík staða er laus til umsóknar.

3. Í félagatölu Sóknar eru karlmenn, sem taka laun eftir samningum félagsins, þó ekki sé um nákvæmlega sömu störf að ræða og hér er deilt um, en grunnlaun eru þau sömu í öllum starfsgreinum samkvæmt Sóknarsamningi. Samningsaðilar hafa þannig talið öll störf samkv. Sóknarsamningi sambærileg, þó gerð hafi verið undanþága um 8% óþrifaálag á ákveðin störf.

Mjög víða er þess dæmi, að ekki séu greidd sömu laun fyrir

sambærileg störf, ef greitt er eftir mismunandi kjarasamningum. Sem dæmi má taka, að iðnaðarmaður getur unnið sambærileg störf eftir a. m. k. fjórum kjarasamningum, þ. e. kjarasamningi BSRB, Ísalsamningi, Ríkisverksmiðjúsamningi og samningi við VSÍ. Munur á launum eftir því, hvaða samningi er grett eftir, getur numið tugum prósentu.

Þess geta einnig verið dæmi, að sambærileg störf, sem unnin eru af Sóknarstarfsmanni í einni stofnun, geta verið unnin af sjúkraliða í annarri.

Ef gerðir eru mismunandi kjarasamningar, er útilokað að halda fullkomnu launajafnvægi fyrir sambærileg störf milli samkynja launþega, og getur dæmið þá snúist þannig gagnvart stéttarfélagum, sem saman standa nær eingöngu af konum, að þar myndist misræmi við önnur stéttarfélög.

Við hverja kjarasamninga getur orðið nokkuð misræmi milli einstakra félaga eftir því, hvaða hóp innan félagsins lögð er áhersla á að hækka í launum. BSRB hefur t. d. samið um sama vaktálag að krónutölu fyrir alla sína félagsmenn, sem eru í 30 launaflokkum, þannig að þeir, sem eru í hærri launaflokkum, gefa eftir til hinna, sem lægri eru, en vaktálag er miðað við 33,33% af launaflokk B-11. Gæslumenn á Kleppi njóta því góðs af slíkum samningum, þar sem þeim er að öðru leyti raðað í launaflokk B-5, en fyrir verkkaupa, þ. e. ríkissjóð, er ekki um raunverulega útgjaldaaukningu að ræða vegna slíkra samninga.

Á sama hátt bera samningar Sóknar sín séreinkenni, og ber þar fyrst og fremst að nefna, að starfsmenn í hlutastarfi fá 7% hærri laun en starfshlutfall þeirra segir til um, sem ekki þekkist í öðrum samningum. Þar sem fjöldi starfsmanna Sóknar vinnur hlutastarf, hefur félagið lagt áherslu að ná inn slíku ákvæði og þá á kostnað grunnkaupshækkunar.

Samkvæmt launatöflu 1. mars 1977 hefur Sóknarmaður í hálfu starfi, sem verið hefur „húsmóðir“ (sic) í eitt ár kr. 39.063 í föst laun á mánuði. Gæslumaður hefur á sama hátt kr. 39.520, og eru þá tekin byrjunarlaun samkv. samningi BSRB. Þar sem starfsmenn BSRB fengu launaflokkshækkun um áramót, lítur dæmið þannig út, að starfsmaður samkvæmt Sóknarsamningi gat orðið hærri í föstum launum en gæslumaður fyrir 1. jan. 1977. Þessar tölur eru hér aðeins sýndar til að gera grein fyrir margbreytileika kjarasamninga og að ógjörlegt er að halda innbyrðis samræmi milli allra launþega, nema gerður sé einn kjarasamningur við alla launþega á landinu.

Mál þetta er þess eðlis, að úrslit þess geta haft mikil áhrif á gerð kjarasamninga í framtíðinni og hvernig að þeim verður staðið. Ennþá er talið eðlilegt með tilliti til hins frjálsa samningsréttar stéttarféлага, að misræmi geti myndast, þar sem hvert félag gerir sjálfstæðan kjarasamning, sem er óháður samningum annarra stéttarféлага.“

Með bréfi félagsmálaráðuneytisins, dags. 20. júní 1977, er Jafnréttisráði skýrt frá þessum málalokum.

Í framhaldi af því, sem nú hefur verið rakið, er mál það höfðað, sem hér er til úrlausnar.

Málsástæður aðilja.

Stefnendur byggja málátlíbúnað sinn á því, að hér sé um ræða brot á 2. gr. laga nr. 78/1976. Brotið sé í því fólgið, að stefnanda Guðrúnu Emilsdóttur séu greidd lægri laun en körlum þeim, sem vinna hjá sama vinnuveitanda að sömu störfum. Í kröfugerð stefnenda kemur fram, á hvaða kjörum þessir karlmenn vinna. Halda stefnendur því fram, að með lögum nr. 78/1976 um jafnrétti kvenna og karla séu lögfest margvísleg ákvæði, sem miði að því að tryggja jafnrétti og jafna stöðu kvenna og karla, sbr. 1. gr. laganna um tilgang þeirra. Í 2. gr. sé kveðið svo á, að konum og körlum skuli greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Þá sé í lögnum ákveðið, að Jafnréttisráð skuli annast framkvæmd laganna með þeim hætti, er þar greinir. Jafnréttisráð hafi með tilvísun til 11. gr. laganna heimild Guðrúnar Emilsdóttur til að krefjast fyrir hennar hönd, að hún fái greidd jöfn laun fyrir störf sín á Kópavogshæli og þeir karlmenn, er þar vinna undir starfsheitinu gæslumaður. Því er haldið fram af hálfu stefnenda, að lög nr. 78/1976 um jafnrétti kvenna og karla hafi ekki markað tímamót varðandi tryggingu kvenna fyrir lagalegum jöfnum rétti á við karla, hvað snerti margvísleg þjóðfélagsleg réttindi, svo sem réttindi til launa, atvinnu, menntunar o. fl., þar sem ekki hafi á undanförunum áratugum verið í lögum ákvæði, er beinlínis mæltu fyrir um misrétti milli manna eftir kynferði. Raunar hafi fyrir setningu laganna verið í gildi um langt árabil lagaákvæði, sem beinlínis kváðu á um lagalegt jafnrétti, einkum um jafnrétti til atvinnu og launa, sbr. t. d. lög nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 3. gr., 3. mgr., laga nr. 60/1961 um launajöfnuð karla og kvenna og lög nr. 37/1973 um Jafnlaunaráð.

Þrátt fyrir þessi lagaákvæði sé ljóst, að konur njóti mun lakari stöðu en karlar á ýmsum sviðum þjóðlífsins, einkum þó á vinnu-

markaðnum. Nái þessi mismunur langt út fyrir það, sem eðlilegt megi teljast vegna líffræðilegs munar á konum og körlum. Konur séu þannig einkum ráðnar til starfa, sem verr séu launuð, og e. t. v. mætti orða það svo, að lægri laun séu yfirleitt greidd fyrir störf, sem konur hafi allajafnan gegnt fram að þessu. Hitt sé þó alvarlegra, að þess séu ýmis dæmi, að konum séu greidd lægri laun en körlum fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf, og það jafnvel hjá sama vinnuveitanda og á sama vinnustað.

Markmið lagasetningarinnar frá 1976 hafði fyrst og fremst verið að ráðast gegn þessum óeðlilega aðstöðumun, sem augljóslega stríði gegn réttarvitund manna í þjóðfélagi okkar. Tilgangurinn hafi með öðrum orðum verið sá að leitast við að tryggja í reynd þau réttindi, sem augljóslegt hafi verið, að konur áttu að njóta samkvæmt lögum.

Fyrir liggir í máli þessu, að samkvæmt álitum stjórnenda Kópavogshælis og Kleppsspítala vinni Sóknarkonur, þar á meðal stefnandi Guðrún Emilsdóttir, alveg sams konar og þá að sjálfsögðu jafnverðmæt störf og gæslumenn, sem einnig séu ófaglærðir. Jafnframt liggir fyrir, að körlunum séu greidd mun hærra laun fyrir störf þessi heldur en konunum. Jafnréttisráð hafi í samræmi við 1. mgr. 11. gr. laga nr. 78/1976 beint rökstuddum tilmælum til viðkomandi aðilja um úrbætur. Stefndi fjármálaráðherra hafi hafnað kröfugerð stefnenda með þeim rökum, að um tvo kjarasamninga væri að ræða, sem báðir væru gerðir á lögformlega réttan hátt. Telji hann útilokað að halda launajafnvægi fyrir sambærileg störf milli launþega, þegar gerðir séu mismunandi kjarasamningar. Af þessum sjónarmiðum stefnda fjármálaráðherra hljóti sú ályktun að verða dregin, að hann telji ákvæði 2. gr. laga nr. 78/1976 taka aðeins til þess, að óheimilt sé að semja þannig við eitt og sama stéttarfélag, að félagar þess skuli fá greidd mismunandi laun fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf eftir því, hvort um konur eða karla sé að ræða. Í öðrum tilfellum geti aldrei verið um mismunun eftir kynferði að ræða. Stefnendur telja algerlega óheimilt að skýra 2. gr. laga nr. 78/1976 þannig, að greinin eigi aðeins við um karla og konur innan sama stéttarfélags. Tilvísun fjármálaráðherra til þess, að greitt sé eftir mismunandi kjarasamningum, eigi ekki að skipta hér neinu máli. Hér skipti máli, að í reynd sé Sóknarkonum, þ. á m. Guðrúnu Emilsdóttur, mismunað í launum vegna kynferðis síns. Það hafi legið alveg ljóst fyrir samningsaðilja Sóknar á undanförunum árum, að það væru nær eingöngu konur, sem laun tækju samkvæmt

Sóknarsamningi, og eingöngu karlar samkvæmt BSRB-samningi fyrir sömu störf. Við þessar aðstæður leggi lögin þá skyldu á herðar aðiljum, að sömu laun séu greidd. Sú skylda hafi reyndar verið fyrir hendi fyrir gildistöku laga nr. 78/1976, en hér sé þó látið við það sitja að miða við þau lög. Kröfur í þessa veru hafi á undanförnum árum verið settar fram af hálfu Sóknar við kjarasamningsgerð án árangurs. Augljóslega sé það ekki tilviljun, sem ráði því, að kvenfólk sé ráðið, þegar lausar séu stöður, sem greiða skal laun fyrir samkvæmt kjarasamningi Sóknar, en karlmenn í stöður, þegar greiði eigi laun samkvæmt BSRB-samningi.

Þá vísa stefnendur því alfarið á bug, að lagaákvæði um samningsrétt séu þverbrotin, sé hér farið að lögum um jafnrétti kvenna og karla.

Stefndu hafa í greinargerð gert athugasemdir við kröfugerð stefnenda. Athugasemdir þær eiga að miklu leyti við um upphaflega kröfugerð þeirra, en hún hefur með samþykki stefndu breyst við rekstur málsins. Stefndu benda á, að Guðrún Emilsdóttir geri sjálf fjárkröfur á hendur ríkissjóði vegna launamismunar, sem hún telji sig hafa orðið að þola, en Jafnréttisráð fyrir hönd hennar geri margs konar viðurkenningarkröfur á hendur heilbrigðismálaráðherra. Segja stefndu, að með þessu sé Jafnréttisráð í rauninni að gera kröfu um sjálfstæðan dóm fyrir þeim málsástæðum, sem peningakrafan hljóti að byggjast á. Augljóslegt sé, að nægilegt hefði verið að gera fjárkröfuna eins og sjálfstæð krafa um dóm fyrir forsendum peningakröfunnar sé út í hött. Stefndu hafa þó ekki gert frávisunarkröfu vegna þessa, og við munnlegan flutning málsins var þessum atriðum ekki hreyft.

Hér fyrir dóminum byggja stefndu á svipuðum sjónarmiðum og fram koma í bréfi fjármálaráðuneytisins til félagsmálaráðuneytisins frá 8. júní 1977 og rakið hefur verið hér að framan.

Þá halda stefndu því fram, að 2. gr. laga nr. 78/1976 um jafnrétti kvenna og karla geti á engan hátt skapað grundvöll fyrir kröfum stefnenda í þessu máli. Lagagrein þessi sé efnislega samhljóða 1. gr. laga nr. 37/1973 um Jafnlaunaráð. Þeirri lagasetningu hafi verið ætlað það hlutverk að tryggja framkvæmd laga um jafnrétti kynjanna í atvinnulífinu. Með fullgildingu samþykktar Alþjóðavinnuáráðs nr. 100 frá 29. júní 1951, nr. 12/1958, hafi Ísland skuldbundið sig til að tryggja jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf. Í greinargerð með frumvarpi til þessara laga komi enn fremur fram, að enda þótt Jafnlaunaráði sé ætlað að þjóna báðum kynjum jafnt, verði að leggja

sérstaka áherslu á gildi þess fyrir konur. Þær séu yfirleitt í þeirri aðstöðu að mega „sín minnst á vinnustöðum, eiga sjaldnast aðild að launaákvörðun eða fulltrúa í stjórn stéttarféлага og hafi að öðru leyti aðeins óbein áhrif á kjör sín“, eins og segi í greinargerðinni.

Ótvírætt sé m. a. með hliðsjón af framansögðu, að tilgangur lög-gjafans með setningu þessara laga, sbr. einnig með setningu laga nr. 78/1976, 2. gr., hafi fyrst og fremst verið tvíþættur. Í fyrsta lagi að vernda rétt einstaklingsins í samskiptum hans við vinnuveitanda og það því fyrst og fremst verið einstakir vinnusamningar, sem hafðir voru í huga við setningu laganna. Í annan stað hafi þótt ástæða, sbr. áðurgreind ummæli í greinargerð, til að styðja einstaklinginn í samskiptum hans við stjórn og samninganefnd þess stéttarfélag, sem hann eigi aðild að. Samkvæmt því sé stéttarfélag skuldbundið til að semja ekki um lægri kauptaxta í samningum sínum fyrir konur heldur en karlmenn, séu störfin sambærileg og jafnverðmæt. Eftir sem áður standi óhögguð sú meginregla íslensks réttar, að einstök stéttarfélög hafi óskorað vald til þess að gera kjarasamninga fyrir umbjóðendur sína og að launþegar innan viðkomandi stéttarféлага séu við það bundnir, hvort sem þeir telji sér þá hagstæða eða ekki, um það nægi að vísa til 5. gr. laga nr. 80/1938 og 3. mgr. 4. gr. laga nr. 29/1976. Þá leggja stefndu á það áherslu og vitna til bréfs forstöðumanns Kópavogshælis, dskj. 11, að engin kona hafi sótt um stöður gæslumanna á Kópavogshæli, þegar þær hafi verið auglýstar lausar til umsóknar. Það sé því fyrst og fremst af þessari ástæðu, sem stefnendur geti á það bent með réttu, að einungis karlmenn taki hærri laun samkvæmt BSRB-samningum.

Þá benda stefndu á, að stefnendur, og reyndar Starfsmannafélagið Sókn einnig, vilji með þessari málssókn ná þeim launum, sem BSRB hafi samið um, án þess að beygja sitt fólk undir þau ákvæði kjarasamnings BSRB, sem séu óhagstæðari en Sókn hefur náð í sínum samningum. Það sé augljóst, að Sókn sé ekki með þessari málssókn að bjóða skipti á verkfallsrétti sínum og hinum svo mjög takmarkaða verkfallsrétti, sem BSRB njóti, og það séu heldur ekki miklar líkur fyrir því, að Sókn vilji beygja sig undir tveggja ára samningstíma BSRB, sem sé mun lengri en þeirra samningstími. Einnig megi nefna sérstakt álag á hlutastörf, sem Sókn njóti, en BSRB ekki, og reyndar ekkert stéttarfélag í annarri starfsgrein. Kjarni þessa máls sé sá, að stefnendur bendi aðeins á eitt afmarkað atriði í ákveðnum kjarasamningi, sem þeir

vilji ná, en önnur atriði eða heildarsamanburður á kjarasamningum virðist ekki koma þeim við. Þetta sýni glögg, hversu fráleit lagatúlkun þeirra sé. Vilji stefnendur vera samkvæmir sjálfum sér, ættu þeir einnig að krefjast aðildar að verðtryggðum lífeyris-sjóði, en óumdeilt sé, að gæslumenn BSRB njóti þeirra kjara, en ekki starfsstúlkur í Sókn. Með nákvæmilega sömu rökum megi væntanlega rökstyðja, að þarna sé á ferðinni brot á 2. gr. laga nr. 78/1976. Hið sama eigi þá einnig við um önnur kjaraatriði, sem séu hagstæðari launþegum samkvæmt BSRB-samningum. Að því fengnu gætu síðan gæslukarlar í BSRB krafist 7% álags fyrir hlutastörf og 8% óþrifaálags eftir því sem við ætti, að sjálfsögðu á grundvelli 2. gr. laga nr. 78/1976.

Um kröfugerð.

Stefnandi Jafnréttisráð vegna Guðrúnar Emilsdóttur vísar til 2. mgr. 11. gr. laga nr. 78/1976 um aðild sína að viðurkenningar-kröfunni á hendur heilbrigðismálaráðherra vegna stjórnarnefndar ríkisspítalanna. Vísað er til 1. mgr. 32. gr. laga nr. 56/1973 um fyrirkomulag yfirstjórnar ríkisspítalanna.

Á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gerir stefnandi Guðrún Emilsdóttir þá kröfu, að henni verði greiddur mismunur þeirra launa, sem hún fékk greidd fyrir störf sín tímabilið 1. júní 1976 til 31. desember 1977, og þeirra launa, sem hún hefði átt að fá greidd fyrir sama tímabil, hefði hún fengið greidd jöfn laun og gæslumennirnir, þ. e. samkvæmt kjarasamningi BSRB. Kröfu sína styður hún við yfirlit frá skrifstofu ríkisspítalanna, sbr. dskj. nr. 35 og 38, svo og upplýsingar frá BSRB á dskj. nr. 37. Kröfu sína byggir stefnandi á eftirfarandi samanburði:

„1.0 Greidd laun skv. launataxta Sóknar.

1.1 Laun fyrir 1/6—31/12 1976

1.1.1 Mánaðarlaun	kr.	463.319	
1.1.2 Vaktaálag	—	62.522	
1.1.3. Kaffitímar	—	16.881	
1.1.4 Orlof af yfirvinnu	—	7.538	kr. 550.260

1.2 Laun fyrir 1/1—31/12 1977

1.2.1 Mánaðarlaun	kr.	1.048.747
1.2.2 Yfirvinna og næturvinna .	—	22.648
1.2.3 Vaktaálag	—	154.663
1.2.4 Kaffitímar	—	76.504
1.2.5 Orlof af yfirvinnu	—	17.262

1.2.6	Álag á 12 daga stórhátíðarfrí	kr.	9.331	—	1.329.155
					<hr/>
					kr. 1.879.415
					<hr/>
2.0	Laun, sem Guðrún hefði fengið skv. BSRB-taxta.				
2.1	Laun fyrir 1/6—31/12 1976				
2.1.1	Mánaðarlaun	kr.	523.245		
3.1.2	Vaktaálag	—	99.504		
2.1.3	Kaffitímar	—	20.856		
2.1.4	Orlof af yfirvinnu	—	10.026	kr.	653.631
					<hr/>
2.2	Laun fyrir 1/1—31/12 1977				
2.2.1	Mánaðarlaun	kr.	1.241.548		
2.2.2	Yfirvinna	—	61.306		
2.2.3	Vaktaálag	—	244.730		
2.2.4	Kaffitímar	—	81.392		
2.2.5	Orlof af yfirvinnu	—	32.272		
2.2.6	Persónuuppbót 1/12 1977	—	40.000	—	1.701.248
					<hr/>
					kr. 2.354.879
					<hr/>

Mismunurinn á niðurstöðutölunum eftir 2.0 og 1.0 nemur kr. 475.464, og er það stefnufjárhæðin.“

Dráttarvaxta krefst stefnandi, sem eru 1% á ári hærri en almennir innlánsvextir í bönkum á tímabilinu. Við ákvörðun málskostnaðar krefjast stefnendur þess, að tekið verði tillit til, að hér sé fjallað um raunverulega hagsmuni mun fleiri aðilja en Guðrúnar Emilsdóttur.

Stefndu vefengja ekki tölulega útreikning þann, sem Guðrún Emilsdóttir byggir á kröfu sína, en geta ekki fallist á forsendur hans. Í greinargerð hafa stefndu boðað, að þeir muni leggja fram útreikninga með athugasemndum og útskýringum hér um, en ekkert hefur af því orðið. Samanburðurinn, sem gerður er á dskj. nr. 17 og áður er rakinn, telja stefndu bæði gamlan og úreltan og auk þess séu upplýsingar þar ekki tæmandi. Samanburðurinn sé þannig villandi og ekki marktækur. Þá er vaxtakröfunni mótmælt.

Af hálfu stefnenda var reynt að fá Kjararannsóknarnefnd til þess að gera samanburð á kjörum Guðrúnar Emilsdóttur hjá Kópavogshæli og þeirra gæslumanna, sem hún miðar við í kröfu-

gerð sinni. Með bréfi 22. desember 1978 til Starfsmannafélagsins Sóknar hafnaði Kjararannsóknarnefnd þessum tilmælum.

Stefnandi heldur því fram, að þrátt fyrir þann annmarka, að samamburður á kjörunum í heild hafi ekki verið gerður, sé ljóst, að kröfum sé svo í hóf stillt, að þær séu til muna lægri en væri, ef unnt hefði verið að reisa þær á kjarasamamburði Kjararannsóknarnefndar. Við munnlegan flutning málsins var af hennar hálfu bent á ýmis atriði, sem væru gæslumönnum hagstæðari en Sóknarkonum í viðbót við þau atriði, sem fram koma í samamburði taxtanna hér að framan. Atriði þau, sem nefnd voru:

I. Orlof.

Orlof samkvæmt Sóknarsamningum kemur fram á dómskj. 40, 12. gr., og dómskj. 41, 12. gr., en orlof samkvæmt BSRB-samningum kemur fram á dómskj. 54, 18. gr., og dómskj. 55, 4. kafla.

II. Réttindi til launa í forföllum vegna veikinda eða slysa.

Réttindi þessi koma fram í samningum Sóknar, dómskj. 40 og 41, og er að finna í 10. gr. þeirra. Hjá BSRB koma þessi réttindi fram í reglugerð 87/1954, 6. gr., sbr. breytingar nr. 129/1965, 122/1967 og 377/1974.

III. Barnsburðarfrí.

Hjá Sókn er fjallað um þessi réttindi í 11. gr. kjarasamninga, dómskj. 40 og 41.

Reglugerð nr. 87/1954 fjallar um þessi réttindi félagsmanna BSRB.

IV. Lífeyrisréttindi.

Gæslumenn eru aðiljar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins en Sóknarkonur að Lífeyrissjóði Sóknar. Lífeyrisréttindi aðilja Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins telur stefnandi mun verðmeiri vegna verðtryggingar.

Álit dómsins.

Skilja verður kröfugerð og málflutning stefnenda svo, að tilgangur málssóknar þessarar sé að framfylgja meginstefnu laga nr. 78/1976 um jafnrétti kvenna og karla.

Dómurinn lítur svo á, að með áðurgreindum bréfaskiptum sínum við Starfsmannafélagið Sókn, Starfsmannafélag ríkisstofnana, skrifstofu ríkisspítalanna, félagsmálaráðuneytið og fjármálaráðuneytið hafi Jafnréttisráð nægjanlega fullnægt skilyrðum 1. mgr. 11. gr. laga nr. 78/1976 til þess, að ráðið megi höfða mál skv. 2. mgr. þeirrar sömu greinar. Samkvæmt þeirri grein hefur ráðið

heimild í samráði við hlutaðeigandi starfsmann til að höfða mál í umboði hans til viðurkenningar á rétti hans samkvæmt lögnum. Lögmaður stefnenda hefur lýst því yfir, að ráðið hafi slíkt umboð.

Guðrún Emilsdóttir gerir sjálf kröfu til mismunar þeirra launa, sem hún hefur notið á Kópavogshæli, og þeirra launa, sem gæslumenn þeir, sem hún miðar sig við, hafa fengið. Samkvæmt 12. gr. laga nr. 78/1976, 1. mgr., er sá, sem af ásettu ráði eða gáleysi brýtur gegn lögnum, skaðabótaskyldur samkvæmt almennum reglum. Skilja verður ákvæði þetta svo, að þessa kröfu eigi sá, sem misgert er við. Kröfugerð stefnanda Guðrúnar Emilsdóttur má skilja svo, að hún sé byggð á þessu ákvæði, og er hún því réttilega uppi höfð.

Dómurinn lítur svo á, að stefnendur hafi heimild laga nr. 78/1976 fyrir sóknaraðildinni, enda hagsmunir, sem lögin eiga að vernda, því tengdir að gera viðurkenningarkröfu fyrir rétti stefnanda Guðrúnar Emilsdóttur og að Jafnréttisráð taki þátt í þeirri málssókn. Það sætir ekki andmælum, hverjum er stefnt til fyrirsvars fyrir stjórnvöld.

Eins og að ofan greinir, þykir eiga að skilja kröfugerð stefnenda svo, að tilgangur hennar sé að framfylgja meginstefnu laga nr. 78/1976 um jafnrétti kvenna og karla. Samkvæmt 2. gr. þeirra laga skulu konum og körlum veittir jafnir möguleikar til atvinnu og menntunar og greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Í 3. gr. sömu laga er mælt fyrir um, að atvinnurekendum sé óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði, og gildir það m. a. um ráðningu og skipun í starf, stöðuhækkun, stöðuheiti, uppsögn úr starfi, veitingu hvers konar hlunninda og almenn vinnuskilyrði. Í samræmi við orðalag þessara greina og með stoð í athugasemdum um 2. gr. laganna, sem fylgdu frumvarpi til þessara laga, þegar það var lagt fyrst fyrir Alþingi, er það einn aðaltilgangur laganna, að sömu reglur gildi fyrir konur og karla, þegar laun eru ákveðin, og báðum kynjum séu veittar sömu aðstæður og hlunnindi í sambandi við vinnu sína. Af þessu þykir mega ráða, að karlar og konur, sem vinna sambærileg störf hjá sama vinnuveitanda, eigi rétt á, að öll kjör þeirra séu ákveðin eftir sömu meginreglum.

Sannað er með bréfi Björns Gestssonar, forstöðumanns Kópavogshælis, dómskj. 11, framburði hans hér fyrir dómnum og bréfi Péturs Jónssonar, starfsmannastjóra ríkisspítalanna, dómskj. 17, að enginn sá munur er á störfum Guðrúnar Emilsdóttur á

Kópavogshæli og þeirra gæslumanna, sem miðað er við í kröfugerð stefnenda, að réttlætt geti, að um kjör hennar fari á annan hátt en þeirra. Gildir einu, hvort litið er til menntunar og starfsþjálfunar eða álags og ábyrgðar.

Afrit af auglýsingum á dómskj. nr. 59 og framburður forstöðumanns Kópavogshælis gefur til kynna, að á árunum 1976 og 1977 hafi ekki verið gerður greinarmunur á stöðum starfsmanna og gæslumanna, þegar auglýst var eftir ófaglærðu starfsfólki á Kópavogshæli, og var því ekki tilefni til að sækja sérstaklega um stöðu gæslumanna.

Þá er í ljós leitt með framburði forstöðumanns hælisisins, að til þessa starfa eru konur í byrjun ráðnar á Sóknartaxta sem starfsmenn, meðan karlar eru, nema í undantekningartilvikum, ráðnir á BSRB-taxta sem gæslumenn. Konur hafa ekki verið ráðnar á síðarnefnda taxtann fyrr en 1978, eftir að mál þetta var höfðað, og þá eftir störf á Sóknartaxta. Guðrún Emilsdóttur tekur enn laun samkvæmt taxta Sóknar.

Stefndi mótmælir ekki, að kjarasamningar BSRB og Sóknar séu ólíkir að uppbyggingu.

Samkvæmt ofanskráðu verður að telja, að sú tilhögun á Kópavogshæli að ákvarða kjör Guðrúnar Emilsdóttur samkvæmt Sóknartaxta og gæslumanna við geðhjúkrun samkvæmt BSRB-taxta sé brot á 2.—3. gr. laga nr. 78/1976, sbr. sérstaklega það, sem að framan segir um tilgang ákvæðanna. Skiptir hér engu máli, að tvö stéttarfélög semja um kaup og kjör ófaglærðs fólks á ríkisspítulunum, þar sem skilja verður 3. gr. laga nr. 78/1976 svo, að vinnuveitanda sé skylt að samræma stöðuheiti, þegar um sambærileg störf er að ræða, sbr. 2. gr. sömu laga.

Krafa Jafnréttisráðs f. h. Guðrúnar Emilsdóttur er því viðurkennd á þann veg, að hún eigi rétt á, að um starfskjör hennar fari að sömu meginreglum og gilda um kjör þeirra, sem vinna undir starfsheitinu gæslumaður við geðhjúkrun á Kópavogshæli og samkvæmt ofansögðu vinna sambærileg störf og hún.

Af hálfu stefnda er ekki á móti mælt, að Guðrún Emilsdóttir hefði notið kjara samkvæmt kjarasamningi BSRB og sérkjara-samningi SFR við fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, ef hún hefði verið ráðin undir starfsheitinu gæslumaður, því hefur heldur ekki verið mótmælt, að hún hefði þá tekið laun samkvæmt launataxta B 4, III. þrepi, frá 1. júní 1976 til 31. desember 1976, en launataxta B 5, III. þrepi, frá 1. janúar 1977 til 31. desember 1977.

Guðrún naut hins vegar kjara samkvæmt kjarasamningi Sóknar við fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Hún byggir kröfu sína til mismunar launa sinna og gæslumanna frá 1. júní 1976 til 31. desember 1977 á samanburði launaliða ofangreindra samninga.

Stefndi fjármálaráðherra hefur ekki mótmælt útreikningi hennar sem slíkom, heldur forsendum hans. Er m. a. haldið fram, að ekki sé gerður viðhlítandi samanburður á heildarkjörum þessara samninga. Af hálfu stefnanda er viðurkennt, að samanburðurinn sé ekki tæmandi, en það komi ekki að sök, þar sem slíkur samanburður verði stefnanda aðeins enn frekar í hag, t. d. vegna orlofs, réttinda til launa í forföllum vegna veikinda eða slysa og verðtryggingar lífeyrissjóðs, sem gæslumenn eiga aðild að. Hér sé þannig um lágmarkskröfu að ræða.

Af hálfu stefnda hefur þrátt fyrir andmæli hans aðeins verið nefndur styttri samningstími og víðtækari verkfallsréttur sem dæmi um hagstæðari kjör félaga í Sókn. Í greinargerð varnaraðilja er boðuð framlagning útreiknings um þennan þátt málsins. Útreikningur þessi hefur þó ekki verið lagður fram. Stefnendur hafa hins vegar reynt að fá Kjararannsóknarnefnd til þess að gera slíkan heildarsamanburð, en án árangurs.

Þegar sönnunaraðstaða máls þessa er virt og í huga höfð öll kjaraatriði þeirra tveggja kjarasamninga, sem hér um ræðir, þykir stefnandi hafa leitt nægjanleg rök að því, að hún hafi notið lakari kjara en gæslumennirnir og eigi samkvæmt ofangreindri niðurstöðu með stoð í 12. gr. laga nr. 78/1976 rétt til bóta úr ríkissjóði. Bætur þessar þykja á grundvelli kröfugerðar hennar og með ofangreind sjónarmið um sönnunaraðstöðu og andmæli stefnda í huga hæfilega metnar kr. 450.000.

Vextir þykja hæfilega ákveðnir 19% ársvextir frá þingfestingu málsins til greiðsludags.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Stefnendur hafa gjafsókn í máli þessu, og ber því ríkissjóði að greiða stefnendum kostnað þeirra af málinu, þar með kr. 400.000 til lögmanns stefnenda í talsmannslaun.

Hrafn Bragasan borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Guðríði Þorsteinsdóttur framkvæmdastjóra og Sigurði Línal prófessor.

Dómsorð:

Krafa Jafnréttisráðs f. h. Guðrúnar Emilsdóttur er viður-

kennd á þann veg, að Guðrún eigi rétt á, að um kjör hennar fari að sömu meginreglu og kjör þeirra, sem vinna undir starfsheitinu gæslumaður við geðhjúkrun á Kópavogshæli.

Stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs greiði stefnanda Guðrúnu Emilsdóttur kr. 450.000 með 19% ársvöxtum frá 30. mars 1978 til greiðsludags og kostnað stefnenda af málinu, þar með taldar kr. 400.000 í talsmannslaun, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 16. mars 1982.

Nr. 193/1978. **Ragnar Þórðarson og
Ferðaskrifstofan Sunna h/f**
(Kristján Eiríksson hrl.)
gegn
**Helga Kristjánsyni
og gagnsök**
(Guðjón Steingrímsson hrl.).

Verksamningur. Tómlæti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Magnús Thoroddsen, Magnús P. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 10. nóvember 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi 27. október s. á. Með sömu áfrýjunarstefnu var héraðsdóminum einnig áfrýjað af hendi þeirra Kjartans Halldórssonar og Sigurðar Halldórssonar. Að kröfu þeirra og gagnáfrýjanda var mál-ið þó hafið á dómþingi 11. mars 1982 að því er tók til áfrýjunar þeirra.

Dómkröfur aðaláfrýjanda Ragnars Þórðarsonar fyrir